

Tryggingarsjóður  
innstæðueigenda og fjárfesta

Ársreikningur 2016

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta  
Borgartúni 35  
105 Reykjavík

Kt. 510400-3560

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Heildaryfirlit yfir rekstur og efnahag árið 2016 .....	3
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	4
Áritun óháðs endurskoðanda .....	6
Innstæðudeild A:	
Rekstrarreikningur .....	8
Efnahagsreikningur .....	9
Sjóðstreymi .....	10
Skýringar .....	11
Innstæðudeild B:	
Rekstrarreikningur .....	12
Efnahagsreikningur .....	13
Sjóðstreymi .....	14
Skýringar .....	15
Verðbréfadeild:	
Rekstrarreikningur .....	18
Efnahagsreikningur .....	19
Sjóðstreymi .....	20
Skýringar .....	21

# Heildaryfirlit yfir rekstur og efnahag

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta var stofnaður 28. desember 1999 og starfar eftir lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta með síðari breytingum. Sjóðurinn starfar í þremur deildum með aðskilin fjárhag; innstæðudeild A, innstæðudeild B og verðbréfadeild.

## Rekstur

	Innstæðudeild A 2016	Innstæðudeild B 2016	Verðbréfadeild 2016	Samtals 2016	Samtals 2015
<b>Tekjur</b>					
Framlög aðildarfyrirtækja .....	3.227.563	0	414	3.227.977	3.263.557
Endurheimtur frá slitabúum .....	0	0	0	0	1.590.772
Vaxtatekjur og verðbætur .....	1.619.872	187.699	13.588	1.821.159	1.590.413
	<u>4.847.435</u>	<u>187.699</u>	<u>14.002</u>	<u>5.049.136</u>	<u>6.444.742</u>
<b>Gjöld</b>					
Greitt vegna Icesave .....	0	0	0	0	20.000.000
Laun og launatengd gjöld .....	22.564	6.771	307	29.642	26.068
Þóknun vegna endurskoðunar .....	3.716	1.115	51	4.882	3.467
Annar rekstrarkostnaður .....	25.654	7.699	349	33.702	78.285
Eftirlit og umsýsluþóknun .....	31.627	0	0	31.627	26.649
Gengismunur .....	0	95.062	0	95.062	349.764
Fjármagnstekjuskattur .....	324.507	42.949	2.718	370.174	312.398
	<u>408.068</u>	<u>153.596</u>	<u>3.425</u>	<u>565.089</u>	<u>20.796.631</u>
<b>Tekjur umfram gjöld gjöld umfram tekjur .....</b>	<u>4.439.367</u>	<u>34.103</u>	<u>10.577</u>	<u>4.484.047</u>	<u>( 14.351.889)</u>

## Efnahagur

	Innstæðudeild A 31.12.2016	Innstæðudeild B 31.12.2016	Verðbréfadeild 31.12.2016	Samtals 31.12.2016	Samtals 31.12.2015
<b>Eignir</b>					
<b>Bankainnstæður og verðbréf</b>					
Seðlabanki Íslands, bankainnstæður .....	55.642	4.981.187	264.489	5.301.318	4.559.074
Aðrar bankainnstæður .....	54.232	79.731	0	133.963	53.464
Innlend ríkisskuldabréf .....	22.394.360	0	0	22.394.360	17.898.819
	<u>22.504.234</u>	<u>5.060.918</u>	<u>264.489</u>	<u>27.829.641</u>	<u>22.511.357</u>
<b>Aðrar eignir</b>					
Kröfur á slitabú .....	0	571.216		571.216	1.286.000
Krafa á aðildarfélag .....	795.597	0	0	795.597	797.031
Krafa á innstæðudeild .....	5.604	0	0	5.604	7.233
Krafa á verðbréfadeild .....	98	0	0	98	70
	<u>801.299</u>	<u>571.216</u>	<u>0</u>	<u>1.372.515</u>	<u>2.090.334</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u>23.305.533</u>	<u>5.632.134</u>	<u>264.489</u>	<u>29.202.156</u>	<u>24.601.691</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>					
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuld við innstæðudeild .....	0	5.604	98	5.702	7.303
Fjármagnstekjuskattur .....	224.743	0	0	224.743	109.420
Aðrar skammtímaskuldir .....	9.963	1.254	54	11.271	8.575
	<u>234.706</u>	<u>6.858</u>	<u>152</u>	<u>241.716</u>	<u>125.298</u>
<b>Eigið fé</b>	<u>23.070.827</u>	<u>5.625.276</u>	<u>264.337</u>	<u>28.960.440</u>	<u>24.476.393</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>23.070.827</u>	<u>5.625.276</u>	<u>264.337</u>	<u>28.960.440</u>	<u>24.476.393</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>23.305.533</u>	<u>5.632.134</u>	<u>264.489</u>	<u>29.202.156</u>	<u>24.601.691</u>

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) var stofnaður 28. desember 1999 og starfar eftir lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta með síðari breytingum. Sjóðurinn starfar í þremur deildum með aðskilinn fjárhag; innstæðudeild A, innstæðudeild B og verðbréfadeild. Einnig er sjóðnum heimilt að starfrækja sérstaka lánadeild.

Í júní 2012 samþykkti Alþingi breytingar á lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Voru þær breytingar í takt við bráðabirgðaákvæði frá því í maí 2011 þar sem aðildarfélögum innstæðudeildar var meðal annars gert að greiða ársfjórðungslegt iðgjald til sjálfstæðrar deildar frá og með árinu 2011, auk þess sem skilgreiningu á innstæðum var breytt. Allar iðgjaldgreiðslur frá og með árinu 2011 hafa runnið til innstæðudeildar A en eldri deildin kallast innstæðudeild B.

Þeir fjármunir sem voru til í sjóðnum við setningu bráðabirgðaákvæðisins eru færðir í ársreikningnum undir innstæðudeild B en iðgjöld sem hafa verið greidd til sjóðsins eftir þann tíma eru færð undir innstæðudeild A.

Stjórn TIF lítur svo á að greiðslur iðgjalda til TIF hafi myndað nýjan grunn frá og með gjalddaga ársins 2009 og að þeir fjármunir standi ekki til útgreiðslu fyrir innstæðueigendur fjármálafyrirtækja sem FME lýsti ógjaldfær fyrir það tímamark. Stjórn TIF er ekki kunnugt um að á sjóðinn hafi fallið skuldbindingar vegna þeirra fjármálafyrirtækja sem FME hefur lýst ógjaldfær síðar. Ástæða þess er sú að allar innstæður þeirra voru að meginstefnu til fluttar til annarra innlánsstofnana.

Með samningum þeim sem náðust þann 17. september 2015 milli TIF annars vegar og DNB og FSCS hins vegar sem fela í sér að TIF greiddi þessum aðilum samtals 20 milljarða króna teljast skuldbindingar TIF gagnvart kröfuhöfum í kjölfar efnahagshrunsins sem varð árið 2008 að fullu efnar og er ekki gert ráð fyrir að frekari greiðslur verði úr B-deild sjóðsins. Stjórn TIF hyggst leggja niður B-deild sjóðsins og munu fjármunir þeir sem eftir eru í B-deildinni renna til A-deildar sjóðsins í samræmi við ákvæði til bráðabirgða V. í lögum nr. 98/1999, sbr. 7. gr. laga nr. 79/2012.

Eigið fé innstæðudeildar B nam 5.625 millj. kr. í árslok 2016. Eins og gerð er grein fyrir í skýringu nr. 3 í reikningum innstæðudeildar B er hluti eigna deildarinnar í formi krafna á hendur þeim félögum sem urðu til í kjölfar nauðasamninga fallinna fjármálafyrirtækja og jafnframt hefur TIF eignast hlutafé í þeim félögum. Kröfurnar eru færðar til eignar í efnahagsreikningi í samræmi við áætlaðar endurheimtur. Við matið er stuðst við upplýsingar um viðskiptaverð krafanna. Sjóðurinn fékk á árinu greiddar kröfur að fjárhæð 690 millj. kr.

Heildareignir verðbréfadeildar skulu að lágmarki nema 100 millj. kr. samkvæmt lögum nr 98/1999. Eigið fé deildarinnar nam 264 milljónum króna í árslok 2016. Einungis er innheimt iðgjald vegna nýrra aðildarfélaga.

Almennt iðgjald til A-deildar nemur 0,225% á ári af öllum innstæðum innlánsstofnana og að auki er greitt breytilegt iðgjald sem reiknað er samkvæmt áhættustuðli sem Fjármálaeftirlitið gefur hverri innlánsstofnun. Þrjú fjármálafyrirtæki sjá um stýringu eigna innstæðudeildar A, Íslensk verðbréf hf., Landsbankinn hf. og Kvika banki hf. Íslensk verðbréf tóku við stýringu þess hluta verðbréfasafnsins sem áður var í vörslu Landsbréfa hf. í kjölfar útboðs sem haldið var á fyrri hluta árs 2016.

Ávöxtun eigna í virkri stýringu gekk einstaklega vel á árinu, í heild var ávöxtun ársins á þeim fjármunum 8,15% sem er vel yfir viðmið en raunávöxtun var 6,13%. Raunávöxtun þessara fjármuna nam því rúmum milljarði króna á árinu.

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Sjóðurinn er þátttakandi í vinnu við lagasetningu sem varðar starfsemi sjóðsins. Þar er annars vegar um að ræða innleiðingu á tilskipun nr. 2014/59/ESB um viðbúnað og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja (e. Bank recovery and resolution directive -BRRD). Tilskipunin gengur í daglegu tali undir heitinu BRRD tilskipunin. Hins vegar er yfirstandandi vinna við innleiðingu á tilskipun nr. 2014/49/ESB um innstæðutryggingar (e. Deposit guarantee schemes directive – DGS III) en sú vinna felur í sér heildarendurskoðun á lögum nr. 98/1999 og þar með lagaumhverfi sjóðsins.

Á árinu 2016 var einn starfsmaður á launum hjá félaginu. Gjaldfærð laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra og stjórnar námu 29,6 millj. kr., þar af námu laun 23,5 millj. kr. og framlag í lífeyrissjóð 3,1 millj. kr. Launakostnaður skiptist á deildir í hlutfalli við eigið fé í upphafi árs. Gjaldfærð laun og launatengd gjöld námu samtals 26,1 millj. kr. á árinu 2015.

Stjórn TIF og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning TIF fyrir árið 2016 með undirskrift sinni

Reykjavík, 27. febrúar 2017.

Stjórn:

*Stjórn TIF*  
*frankvæmdastjóri*  
*Íns Arni Jónsson*

*Þórunn Þórunn*  
Framkvæmdastjóri:

**ÞÓRUNN ÞÓRUNN**  
**KRISTJÁNSSON**

### STAÐFESTING FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA:

Fjármála- og efnahagsráðuneyti. Dags:

*8. mars 2017*

Fjármála- og efnahagsráðherra

*Blasdóttir* *Johannsson*

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta ("félagið") fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 27. febrúar 2017.

**KPMG ehf.**



# Rekstrarreikningur árið 2016

## - innstæðudeild A

	Skýr.	2016	2015
<b>Tekjur</b>			
Framlög aðildarfyrirtækja .....	2	3.227.563	3.261.843
Vaxtatekjur og verðbætur .....		1.619.872	1.003.319
		<u>4.847.435</u>	<u>4.265.162</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....		22.564	9.806
Annar rekstrarkostnaður .....		29.370	10.267
Eftirlit og umsýslubóknun .....		31.627	26.649
Fjármagnstekjuskattur .....	3	324.507	193.074
		<u>408.068</u>	<u>239.796</u>
<b>Tekjur umfram gjöld</b> .....	6	<u>4.439.367</u>	<u>4.025.366</u>



# Efnahagsreikningur 31. desember 2016

## - innstæðudeild A

	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
<b>Eignir</b>			
<b>Bankainnstæður og verðbréf</b>			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæður .....		55.642	6.643
Aðrar bankainnstæður .....		54.232	53.464
Innlend ríkisskuldabréf .....		22.394.360	17.898.819
	4,5	22.504.234	17.958.926
<b>Aðrar eignir</b>			
Krafa á aðildarfélög .....	2	795.597	797.031
Krafa á innstæðudeild B .....		5.604	0
Krafa á verðbréfadeild .....		98	0
		801.299	797.031
<b>Eignir samtals</b>		23.305.533	18.755.957
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuld við innstæðudeild B .....		0	7.233
Fjármagnstekjuskattur .....		224.743	109.334
Aðrar skammtímaskuldir .....		9.963	7.930
		234.706	124.497
<b>Eigið fé</b>			
Eigið fé .....	6	23.070.827	18.631.460
		23.070.827	18.631.460
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		23.305.533	18.755.957

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2016 - innstæðudeild A

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tekjur umfram gjöld .....		4.439.367	4.025.366
Breytingar á rekstrartengdum eignum .....	(	4.499.809)	( 4.082.586)
Breytingar á rekstrartengdum skuldum .....		110.209	5.814
<b>Aukning (minnkun) handbærs fjár .....</b>		49.767	( 51.406)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		60.107	111.513
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	4	109.874	60.107

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- b. Þessi reikningsskil taka til innstæðudeildar A en samkvæmt breytingu á lögum nr. 98/1999 frá árinu 2012 er aðildarfélagum gert að greiða ársfjórðungslegt iðgjald til sjálfstæðrar deildar frá og með árinu 2011. Nýja deildin heitir innstæðudeild A. Almennum rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á milli innstæðudeildar A, innstæðudeildar B og verðbréfadeildar hlutfallslega í samræmi við hreina eign hverrar deildar í ársbyrjun. Hver deild fyrir sig ber sértækan kostnað sem varðar þá deild sérstaklega.
- c. Verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði.
- d. Viðskiptaþóknar eru færðar til lækkunar á vaxtatekjum, verðbótum og gengismun en árangurstengdar þóknar, föst umsýsluþóknun fyrir eignastýringu og þóknun vegna eftirlits með eignastýringu eru færðar sem sérstakur liður meðal gjalda.

## 2. Framlög aðildarfyrirtækja

Samkvæmt lögum nr. 98/1999 greiða innlánsstofnanir almennt iðgjald til A-deildar sem nemur 0,225% á ári af öllum innstæðum eins og þær eru skilgreindar í bráðabirgðaákvæðinu eða 0,05625% á ársfjórðungslegum gjalddaga. Að auki skal greiða breytilegt iðgjald sem reiknað er samkvæmt áhættustuðli sem Fjármálaeftirlitið gefur hverri innlánsstofnun. Iðgjald vegna 4. ársfjórðungs verður greitt á gjalddaga þann 1. mars 2017 og er fært í rekstrarreikningi ársins 2016 og sem krafa á aðildarfélag í efnahagsreikningi í árslok.

Framlög aðildarfélaga greinast sem hér segir:

	2016	2015
Almennt iðgjald 0,225% .....	2.689.433	2.556.352
Áhættuvegið iðgjald .....	538.130	705.491
Tekjufærð framlög samtals .....	<u>3.227.563</u>	<u>3.261.843</u>

## 3. Fjármagnstekjuskattur

Fjármagnstekjuskattur af hagnaði verðbréfa er færður til gjalda og skuldar í árslok. Sá hluti fjármagnstekjuskatts sem kemur vegna óinnleysts hagnaðar verðbréfa í árslok myndar skuldbindingu.

## 4. Handbært fé

Bankainnstæður eru í íslenskum krónum. Innstæðurnar eru lausar til útborgunar og teljast því til handbærs fjár.

## 5. Verðbréf

Þrjú fjármálafyrirtæki sjá um stýringu eigna innstæðudeildar A, Landsbankinn hf., Íslensk Verðbréf hf. og Kvika hf. Tekjufærðum iðgjöldum á árinu var skipt á eignastýrendur í jöfnum hlutföllum og nema heildareignir í stýringu í árslok 22.449 millj. króna. Umræddir fjármunir eru að öllu leyti bundnir í innlendum ríkisskuldabréfum utan 54 millj. kr. sem voru inni á óbundnum innlánsreikningum í árslok. Meðalávöxtun eigna árið 2016 var 8,15% að nafnverði og skiptist þannig eftir eignastýrendum sem voru með eignir í stýringu allt árið:

	Ávöxtun ársins 2016	Ávöxtun ársins 2015
Samtals eignir í stýringu .....	8,15%	6,15%
Landsbankinn .....	8,19%	6,49%
Kvika banki .....	7,88%	5,79%
Viðmið .....	7,82%	6,99%

## 6. Eigið fé

Breytingar á eigin fé greinast þannig:	2016	2015
Eigið fé 1.1 .....	18.631.460	14.606.094
Tekjur umfram gjöld .....	4.439.367	4.025.366
Eigið fé 31.12 .....	<u>23.070.827</u>	<u>18.631.460</u>

# Rekstrarreikningur árið 2016 - innstæðudeild B

	Skýr.	2016	2015
<b>Tekjur</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....		187.699	575.580
Innheimt frá slitabúum .....		0	1.590.772
		187.699	2.166.352
<b>Gjöld</b>			
Greiðslur vegna lcesave .....		0	20.000.000
Laun og launatengd gjöld .....		6.771	16.099
Annar rekstrarkostnaður .....		8.814	71.310
Gengismunur .....		95.062	349.764
Fjármagnstekjuskattur .....		42.949	117.022
		153.596	20.554.195
<b>Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur) .....</b>	<b>5</b>	<b>34.103</b>	<b>( 18.387.843)</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2016

## - innstæðudeild B

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>31.12.2016</b>	<b>31.12.2015</b>
<b>Bankainnstæður</b>			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæður .....	1	4.981.187	4.298.567
Aðrar bankainnstæður .....	4	79.731	0
		5.060.918	4.298.567
<b>Aðrar eignir</b>			
Kröfur á slitabú .....	3	571.216	1.286.000
Krafa á innstæðudeild A .....		0	7.233
Krafa á verðbréfadeild .....		0	70
		571.216	1.293.303
<b>Eignir samtals</b>		5.632.134	5.591.870
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuld við innstæðudeild A .....		5.604	0
Aðrar skammtímaskuldir .....		1.254	697
		6.858	697
<b>Eigið fé</b>			
Eigið fé .....	5	5.625.276	5.591.173
		5.625.276	5.591.173
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		5.632.134	5.591.870

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2016 - innstæðudeild B

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur) .....		34.103	( 18.387.843)
Breytingar á rekstartengdum eignum .....		722.087	( 1.291.513)
Breytingar á rekstartengdum skuldum .....		<u>6.161</u>	<u>( 1.729)</u>
<b>Aukning (minnkun) handbærs fjár .....</b>		762.351	( 19.681.085)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<u>4.298.567</u>	<u>23.979.652</u>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	5	<u><u>5.060.918</u></u>	<u><u>4.298.567</u></u>

# Skýringar

---

## 1. Reikningsskilaáðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaáðferðum og árið áður.
- b. Þessi reikningsskil taka til innstæðudeildar B en samkvæmt breytingu á lögum nr. 98/1999 frá árinu 2012 er aðildarfélögum gert að greiða ársfjórðungslegt iðgjald til sjálfstæðrar deildar frá og með árinu 2011. Nýja deildin heitir innstæðueild A. Almennum rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á milli innstæðudeildar A, innstæðudeildar B og verðbréfadeildar hlutfallslega í samræmi við hreina eign hverrar deildar í ársbyrjun. Hver deild fyrir sig ber sértækan kostnað sem varðar þá deild sérstaklega.
- c. Erlendar eignir og skuldir eru færðar miðað við árslokagengi Seðlabanka Íslands.

## 2. Framlög aðildarfélaga

Samkvæmt breytingum á lögum 98/1999 sem samþykkt voru á árinu 2012 renna engin ný iðgjöld til innstæðudeildar B frá og með árinu 2011.

## 3. Skuldbindingar og kröfur TIF á hendur þrotabúum fjármálfyrirtækja

Á tímabilinu 6. - 9. október 2008, tók Fjármálaeftirlitið (FME) yfir stjórn þriggja stærstu viðskiptabanka landsins, Landsbanka Íslands hf. (nú LBI hf.), Kaupþings banka hf. (nú Kaupþing hf.) og Glitnis banka hf. (nú Glitnir hf.). Á næstu mánuðum þar á eftir tók Fjármálaeftirlitið síðan yfir vald hlutahafafunda Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. (nú SPRON hf.), Sparisjóðabanka Íslands hf. (nú SPB hf.), Straums-Burðaráss hf. (nú ALMC hf.), Sparisjóðsins í Keflavík og Byrs sparisjóðs. Strax við fall LBI hf. var ljóst að eignir innstæðudeildar TIF dygðu ekki til að mæta þeim kröfum sem innstæðueigendur LBI hf. áttu á hendur sjóðnum.

Með samningum þeim sem náðust þann 17. september 2015 milli TIF annars vegar og DNB og FSCS hins vegar, sem fela í sér að TIF greiddi þessum aðilum samtals 20 milljarða króna, teljast skuldbindingar TIF gagnvart kröfuhöfum í kjölfar efnahagshrunsins sem varð árið 2008 að fullu efndar og er ekki gert ráð fyrir að frekari greiðslur verði úr B-deild sjóðsins. Stjórn TIF hyggst leggja niður B-deild sjóðsins og munu fjármunir þeir sem eftir eru í B-deildinni renna til A-deildar sjóðsins í samræmi við ákvæði til bráðabirgða V. í lögum nr. 98/1999, sbr. 7. gr. laga nr. 79/2012.

### Kröfur TIF á hendur þrotabúum fjármálfyrirtækja

Hér á eftir er gerð grein fyrir kröfum TIF á hendur þeim félögum sem urðu til í kjölfar nauðasamninga fallinna fjármálfyrirtækja. Kröfurnar eru færðar til eignar í samræmi við áætlaðar endurheimtur. Við matið er stuðst við upplýsingar um viðskiptaverð krafanna.

#### Glitnir hf.

Nafnvirði krafna á hendur slitabúi Glitnis námu samtals 1.303.633.295 kr. Samkvæmt upplýsingum sem slitastjórn Glitnis gaf í tengslum við gerð nauðasamnings við kröfuhafa var áætlað að 30,2% myndi greiðast upp í almennar kröfur þegar nauðasamningurinn yrði efndur. Samkvæmt því voru áætlaðar endurheimtur TIF frá Glitni um 394 milljónir króna. Gerður var þó fyrirvari vegna gengisbreytinga, en úthlutun fer fram í erlendum myntum og er miðað við sölugengi þeirra á þeim degi þegar úthlutun fer fram, auk þess sem ákveðin óvissa er uppi um nákvæmt umfang og tímasetningu sölu eigna í framtíðinni sem og fjölda ágreiningskrafna sem á endanum kunna að verða samþykktar.

Nauðasamningur slitabús Glitnis var staðfestur í lok árs 2015. Breytanlegt skuldabréf var gefið út af Glitni þann 8. janúar 2016 en á grundvelli þess er hagnaði af sölu eigna úthlutað ársfjórðungslega. Greitt er í EUR. Heildarfjárhæð útgáfunnar nam EUR 1.583.400.000, engir vextir eru greiddir. Lokagjalddagi er 31. desember 2030 og er um nafnbref að ræða. Nafnvirði sem kom í hlut TIF er EUR 913.994. Greiðslur inn á nafnverð skuldabréfsins námu samtals EUR 665.943 á árinu.

Glitni var breytt úr hlutafélagi í einkahlutafélag 8. janúar 2016 og hlutir þar færðir á nafn kröfuhafa í hlutaskrá. TIF fékk úthlutað EUR 27.419,82 í flokki A-hluta en heildarútgáfan var 913.993,70 A-hlutir, hver að nafnverði EUR 0,03.

### 3. Kröfur TIF á hendur þrotabúum fjármálafyrirtækja frh.:

#### **Kaupþing hf.**

Nafnvirði krafna sem voru samþykktar sem almennar kröfur á hendur slitabúi Kaupþings námu samtals 1.434.688.038 kr. Samkvæmt upplýsingum sem slitastjórn Kaupþings gaf í tengslum við gerð nauðasamnings við kröfuhafa var áætlað að 29% myndi greiðast upp í almennar kröfur þegar nauðasamningurinn yrði efndur. Samkvæmt því voru áætlaðar endurheimtur TIF frá Kaupþingi um 430 milljónir króna. Gerður var þó fyrirvari vegna gengisbreytinga, en úthlutun fer fram í erlendum myntum og er miðað við sölugengi þeirra á þeim degi þegar úthlutun fer fram, auk þess sem ákveðin óvissa er uppi um nákvæmt umfang og tímasetningu sölu eigna í framtíðinni sem og fjölda ágreiningskrafna sem á endanum kunna að verða samþykktar.

Nauðasamningur Kaupþings var staðfestur í lok árs 2015. Framkvæmd úthlutunar til TIF er með eftirfarandi hætti:

1. Greidd var lágmarksgreiðsla í reiðufé að fjárhæð ISK 4.600.000, 7. apríl 2016.
2. Hlutfallsleg úthlutun af aðgengilegu reiðufé við tímamark nauðasamningsins. Fyrir hverjar 10.000 ISK fékk TIF sem svarar jafngildi 830 ISK í EUR. Greiðsla til TIF á árinu nam EUR 830.852.
3. Breytanlegt skuldabréf var gefið út af Kaupþingi þann 15. janúar 2016, en á grundvelli þess er hagnaði af sölu eigna úthlutað ársfjórðungslega. Greitt er í sterlingspundum. Heildarfjárhæð útgáfunnar er jafngildi um 588.100.000.000 ISK í GBP. Engir vextir eru greiddir. Lokagjalddagi er 15 ár frá útgáfudegi. Fyrir hverjar 10.000 ISK fékk TIF breytanlegt skuldabréf sem svarar að nafnvirði til jafngildis 2.120 ISK í GBP. Nafnverð skuldabréfs sem TIF hefur eignast nemur 1.614.547 GBP. Greiðslur inn á nafnverð skuldabréfsins námu samtals GBP 508.275 á árinu.

4. Nýir hlutir í Kaupþingi. Kaupþingi hefur verið breytt úr hlutafélagi í einkahlutafélag og hlutir þar færðir á nafn kröfuhafa í hlutaskrá. Upphaflegt útgefið hlutafé er ISK 13.600.000.000. TIF fékk í sinn hlut 7.096.774 hluti í félaginu.

#### **LBI hf.**

Nafnvirði þeirra krafna sem samþykktar voru sem almennar kröfur á hendur slitabúi LBI hf. er samtals 6.773.551.530 kr. Samkvæmt upplýsingum sem slitastjórn LBI hf. gaf í tengslum við gerð nauðasamnings við kröfuhafa var áætlað að 14,38% muni greiðast upp í almennar kröfur þegar nauðasamningurinn yrði efndur. Samkvæmt því voru áætlaðar endurheimtur TIF frá LBI um 974 milljónir króna. Gerður var þó fyrirvari vegna gengisbreytinga, en úthlutun fer fram í erlendum myntum og verður miðað við sölugengi þeirra á þeim degi þegar úthlutun fer fram, auk þess sem ákveðin óvissa er uppi um nákvæmt umfang og tímasetningu sölu eigna í framtíðinni sem og fjölda ágreiningskrafna sem á endanum kunna að verða samþykktar.

Nauðasamningur LBI var staðfestur í lok árs 2015. Framkvæmd úthlutunar til TIF er með eftirfarandi hætti:

1. Greidd var lágmarksgreiðsla í reiðufé að fjárhæð ISK 1.700.000 (EUR 11.913).
2. Breytanlegt skuldabréf var gefið út af LBI, en á grundvelli þess er hagnaði af framtíðarsölu eigna úthlutað á hálfis árs fresti. Greitt er í EUR. Engir vextir eru greiddir. Lokagjalddagi verður á árinu 2035. Fjárhæð skuldabréfs til TIF tekur mið af hlutfalli samþykkrar kröfu TIF af öllum samþykktum samningskröfum að frádreginni lágmarksfjárhæð. Nafnverð skuldabréfsins sem TIF hefur eignast er EUR 8.390.150. Greiðslur inn á nafnverð skuldabréfsins á árinu námu samtals EUR 2.949.294.
3. Nýir hlutir í LBI. LBI var breytt úr hlutafélagi í einkahlutafélag og hlutir þar færðir á nafn kröfuhafa í hlutaskrá, TIF fékk hluti samtals að nafnvirði 4.811.276 kr.



## Skýringar, frh.:

### 3. Kröfur TIF á hendur þrotabúum fjármálafyrirtækja, frh.:

#### **SPRON hf.**

Nafnvirði þeirra krafna sem samþykktar voru sem almennar kröfur á hendur slitabúi SPRON voru samtals 378.959.078 kr. Samkvæmt upplýsingum sem slitastjórn SPRON gaf í tengslum við gerð nauðasamnings við kröfuhafa var áætlað að 3,29% myndi greiðast upp í almennar kröfur þegar nauðasamningurinn yrði efndur. Samkvæmt því voru áætlaðar endurheimtur TIF frá SPRON um um 12 milljónir króna. Gerður var þó fyrirvari vegna gengisbreytinga, en úthlutun fer fram í erlendum myntum og er miðað við sölugengi þeirra á þeim degi þegar úthlutun fer fram, auk þess sem ákveðin óvissa er uppi um nákvæmt umfang og tímasetningu sölu eigna í framtíðinni.

Nauðasamningur SPRON var staðfestur í lok árs 2015. Framkvæmd úthlutunar til TIF er með eftirfarandi hætti.

1. Greidd var lágmarksgreiðsla í reiðufé að fjárhæð ISK 1.000.000.

2. Breytanlegt skuldabréf sem gefið var út á SPRON, en á grundvelli þess er hagnaði af framtíðarsölu eigna úthlutað ársfjórðungslega. Greitt er í EUR. Heildarfjárhæð útgáfunnar er jafngildi 4.000.000.000 ISK í EUR. Engir vextir eru greiddir. Lokagjalddagi er 31. desember 2022. Fjárhæð skuldabréfs til TIF nam EUR 99.878 og hefur TIF fengið höfuðstól skuldabréfsins endurgreiddan.

3. Nýir hlutir í SPRON. SPRON var breytt úr hlutafélagi í einkahlutafélag og hlutir þar færðir á nafn kröfuhafa í hlutaskrá. Upphaflegt útgefið hlutafé er ISK 5.000.000. TIF fékk í sinn hlut 17.165 hluti í félaginu.

#### **SPB hf.**

Nafnvirði þeirra krafna sem voru samþykktar sem almennar kröfur á hendur slitabúi SPB eru samtals 75.780.000 kr. Samkvæmt upplýsingum sem slitastjórn SPB gaf í tengslum við gerð nauðasamnings við kröfuhafa mun 18-65% greiðast upp í almennar kröfur þegar nauðasamningurinn verður efndur. Samkvæmt því voru áætlaðar endurheimtur TIF frá SPB á bilinu 14 milljónir til 49 milljónir króna. Greiðslur til TIF á árinu námu samtals 14,3 millj. kr. Eftir að dómur Hæstaréttar féll í máli nr. 130/2016 milli SPB og Eignasafns Seðlabanka Íslands er ljóst að endurgreiðsluhlutfall verður í neðri mörkum áætlunar slitastjórnar SPB.

### 4. Handbært fé

Innstæður í Seðlabanka Íslands:

	2016	2015
Bankainnstæður í Seðlabanka í íslenskum krónum .....	4.222.813	3.997.714
Bankainnstæður í Seðlabanka í USD .....	98.774	113.456
Bankainnstæður í Seðlabanka í EUR .....	583.540	92.206
Bankainnstæður í Seðlabanka í GBP .....	37.363	51.659
Bankainnstæður í Seðlabanka í NOK .....	38.695	43.530
Aðrar bankainnstæður í Seðlabanka .....	2	2
Samtals í Seðlabanka Íslands .....	4.981.187	4.298.567

Aðrar innstæður:

Bankainnstæða í Kviku í íslenskum krónum .....	79.731	0
--	--------	---

### 5. Eigið fé

Breytingar á eigin fé greinast þannig:

	2016	2015
Eigið fé 1.1 .....	5.591.173	23.979.016
Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur) .....	34.103	( 18.387.843)
Eigið fé 31.12 .....	5.625.276	5.591.173

# Rekstrarreikningur ársins 2016 - verðbréfadeild

	Skýr.	2016	2015
<b>Tekjur</b>			
Framlög aðildarfyrirtækja .....	2	414	1.714
Vaxtatekjur og verðbætur .....		13.588	11.514
		<u>14.002</u>	<u>13.228</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....		307	163
Annar rekstrarkostnaður .....		400	175
Fjármagnstekjuskattur .....		2.718	2.302
		<u>3.425</u>	<u>2.640</u>
<b>Tekjur umfram gjöld</b> .....	4	<u>10.577</u>	<u>10.588</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2016 - verðbréfadeild

	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
<b>Eignir</b>			
<b>Bankainnstæður og verðbréf</b>			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæður .....		264.489	253.864
	3	264.489	253.864
<b>Eignir samtals</b>		264.489	253.864
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuld við innstæðudeildir .....		98	70
Aðrar skuldir .....		54	34
		152	104
 <b>Eigið fé</b>			
Eigið fé .....	4	264.337	253.760
		264.337	253.760
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		264.489	253.864

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2016 - verðbréfadeild

---

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tekjur umfram gjöld .....		10.577	10.588
Breytingar á rekstartengdum eignum .....		0	0
Breytingar á rekstartengdum skuldum .....		48	82
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>		10.625	10.670
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		253.864	243.194
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	3	264.489	253.864

# Skýringar

---

## 1. Reikningsskilaaðferðir

- a.** Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- b.** Almennum rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á milli innstæðudeildar A, innstæðudeildar B og verðbréfadeildar hlutfallslega í samræmi við hreina eign hverrar deildar í ársbyrjun. Hver deild fyrir sig ber sértækan kostnað sem varðar þá deild sérstaklega.

## 2. Framlög aðildarfyrirtækja

Á árinu var aðeins innheimt vegna nýrra aðildarfélaga skv. 6 gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999. Alls voru innheimtar 414 þús. kr.

## 3. Handbært fé

	2016	2015
Innstæður í Seðlabanka í íslenskum krónum .....	264.489	253.864
	<hr/>	<hr/>
	264.489	253.864

## 4. Eigið fé

Breytingar á eigin fé greinast þannig:	2016	2015
Eigið fé 1.1 .....	253.760	243.172
Tekjur umfram gjöld .....	10.577	10.588
Eigið fé 31.12 .....	<hr/>	<hr/>
	264.337	253.760